

Málverkasýning
Magnúsar Kjartanssonar
1976

UM SAMKLIPPINGAR

Undanfarin misseri hefur töluvert borið á samklippingum og álimingum (collage) í myndverkum ungra listmálara, mörgu listáhugafólki til hrellingar. „Rusl“, „rifrildi“ og „móðgun“, — þetta eru upphrópanir sem flogið hafa um sýningarsali þessara listamanna. En samklippingar eru ekki fæddar í gær, þær eiga sér 60 ára hefð erlendis sem meiri háttar listgrein og reyndar langa og slótrótta hefð hér á landi. Á 19. öld var það í tisku að klippa saman blaðsnífi allskonar og myndir, auk taubúta og að líma skeljar og kuðunga á stokka, á spjöld og þykir mér meir en líklegt að dætur á betri heimilum í Reykjavík hafi stundað þennan leik. Síðan eignumst við klippmyndir Muggs sem unnar eru upp úr 1920, — „Sjöunda dag í Paradís“ sem gerð er úr glitpappír og vatnalitum, svo og ásaumsmyndir hans elías og „Flyðruna“ sem samsett er úr silki, ull og moldvörpuskinni. Síðan fíkta listamenn eins og Scheving, Þorvaldur og fleiri við samklippingar á árunum kringum 1950 og fyrir Ninu Tryggvadóttur var sá vinnu-máti skref í átt til glermyndagerðar hennar. Seinna mætti nefna samklipp manna eins og Elnars Þorlákssonar og Sigurjóns Jóhannssonar eftir 1960, svo og samsetningar Braga Ásgeirssonar um svipað leyti, en sameiginlegt einkenni nær allra þeirra verka sem gerð eru fram yfir 1970, — ef fráskildar eru tímabundnar poppklippingar Sigurjóns og myndir Braga, er að þau eru hjáverk, leikur eða þá hluti af þróun ákveðinnar hugmyndar, — en aldrei upplistaða meiri háttar myndverka.

Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum að myndlistarmenn hér á landi hafa uppgötvað þá stórkostlegu möguleika sem „collage“ býður upp á, eins og þeir koma fram í verkum hinna kúblaku forvera og myndum nokkurra amerískra listamanna. Með samklippingum er hægt að brúa bilið milli hlutveruleikans og hins óhlutbundna, auk þess sem þær opna leiðir til margræðs og ríkulegs samspils ýmisskonar áferðar og lita í myndverki.

Sá listamaður sem nú stendur einna best að vígi á þessu sviði hér er Magnús Kjartansson. Hann klippir saman og limir úr allskyns úrgangi, en ávallt með óvenja sterkri tilfinningu fyrir myndheild og litgildi. Föng hans hafa ávallt persónulega býð-ingu: úrklippur úr blöðum sem hann hefur lesið, sporvagnsmíðar frá Kaupmannahöfn þar sem hann var við nám, arkir utan af póstsendingum sem hann eða kona hans hafa fengið, afgangar veggfóður eða tau úr eigin húsi, nýttæmdir kaffipokar og merki utan af gosdrykkjafjöskum eða öðrum veigum. Samsetningar Magnúsar eru aldrei háðar tilviljuninni eingöngu og innviði mynda sinna troystir hann frekar með ákveðnum pensildráttum sem marka bakgrunn eða skáhallandi slóða, tengja úrklippurnar eða skipta myndfletinum í áherslur. Í sumum myndum hans er snertir af landslagi, en í öðrum afseltar hann rúmskópun og setur saman einskonar myndasögur, þar sem á-horfandinn verður sífellt að vera á varðbergi, stilla sjón sína og endurskoða áflykt-anir sínar í samræmi við ummyndanir og útúrdúra listamannsins. Magnús er ekki fyrr búinn að beina athygli okkar að læsilegri blaðsúrklippu eða girnilegum ávexti úr vikuriti þegar hann spóskur bregður fyrir okkur fæti með afstrakt framhaldi og máluðum tilbrigðum úr samhengi, — allt í þeim tilgangi að tjá margbreytilegt og raunar óskilj-anlegt eðli umhverfis okkar. Tengslin við umheiminn eru því sjaldan rofin til fulla, heldur jafnan undirstrikuð með tilvitnunum í tákni eða merki sem við öil þekkjum. Eitt þeirra er SS merki Sláturfélagsins sem birtist í ýmsum gervum í ótal myndum Magnúsar. Stöku sinnum er hlutverk þess einvörðungu myndrænt og litur þess og lögun notuð sem rim innan í myndheild, annarstaðar er merkið höndlað af glettni, en oftast má ætla að listamaðurinn sé að vitna í ofneyslu allanægjarþjóðfélagsins. Lista-verk Magnúsar Kjartanssonar eru reyndar öll andóf og afselton á þesskonar þjóðfé-lagi, þar sem þau eru gerð úr leifum þess og úrkasti og eru þau jafnframt sönnun þess að innan listar eru allir vegir færir, séu hæfileikar og hugsun fyrir hendi.

Aðalsteinn Ingólfsson.

MYNDASKRÁ

1. Krókur og lykkja	'76	37. Ima á hvolfi	'75
2. Leynifótur	'76	38. Geirfinnur fundinn	'76
3. Inn og út	'74	39. Lítil löpp	'76
4. Sláturfélagslöpp	'76	40. Merki — landslag	'76
5. Sveifla	'76	41. Upp til handa og fóta	'75
7. Póstur til Kolbrúnar	'76	42. Smámynd	'75
8. Svart	'76	43. Slitur	'75
9. Bundin við ramma	'76	44. Brennd, möluð	'75
10. Kólfur	'76	45. Fóðurbætur	'76
11. Hvít spræna	'76	46. Miði	'75-'76
12. Merki — haust	'76	47. Sveifla	'76
13. Uppstilling I	'76	48. Ess-mynd III	'76
14. Máluð	'76	49. Smáræði	'75
15. Fögur er hliðin	'76	50. Mynd	'75
16. Finn rammi	'75	51. Þarna er miðjan	'76
17. Ess — mynd	'76	52. Dropi	'76
18. Gríma	'76	53. Önnur mynd	'75
19. Brennd og möluð	'75	54. Jökull	'75
20. Annar strengur	'75	55. Gildir fyrir tvo	'75
21. Nýtt frá Irmu	'73	56. Köttur	'75
22. Póstkort	'75	57. Slitur	'76
23. Lýsi	'75	58. Merki	'76
24. Tívoli — ess	'76	59. 3,67 lítrar	'76
25. Andlit	'76	60. 4,00 lítrar	'76
26. Krókur	'76	61. Sólblóm	'76
27. Lyngby — tillaga	'75	62. Einkenni: gul	'75
28. Mynd fyrir börn og fullorðna	'76	63. T — tónar	'75
29. Læri, læri	'75	64. Rifrildi	'75
30. Stillimynd	'76	65. Upp til handa og fóta II	'75
31. Einhverskonar landslag	'76	66. Tvær smámyndir	'75
32. Uppstilling II	'76	67. Mynd	'76
33. Magasín	'75	68. Sláturfélagsboogie	'76
34. Lítið rifrildi	'75	69. Miðar	'75
35. Fregnmiði	'75	70. Giv Danmark en kulturminister	'75
36. Ess-mynd II	'76		